

## 11. stjórnarfundur Siðmenntar

Fjarfundur, fimmtudaginn 10. nóvember 2022 kl. 20:00

**Mætt á fjarfund:** Inga Auðbjörg K. Straumland (formaður), Sveinn Atli Gunnarsson (varaformaður), Kristín Sævarsdóttir (gjaldkeri), Kristín Helga Schiöth (aðalmaður), Hope Knútsson (varamaður), Guðjón Sigurbjartsson (varamaður) og Sigprúður Guðmundsdóttir (framkvæmdastýra)

**Forföll boðuð;** Sigurður Rúnarsson, Mörður Árnason og Stefán Rafn Sigurbjörnsson

**Fundarritun:** Sigprúður Guðmundsdóttir

### Fundargerð

#### 1. Skýrsla framkvæmdastýru

- Framkvæmdastýra er í leyfi og verður að mestu leyti næstu tvær vikurnar
- Athafnastjóráðing var haldið á Hellu helgina 14.-16. október
- Framkvæmdastýra og Kristín Helga sátu Humanistkonferancen í Osló í boði Humanisk Etisk Forbund 21.-23. Október
- Fundur starfskvemma og formanns með Vettvangi vegna heimasíðu

#### 2. Erindi frá athafnaráði

- Ragnar Ísleifur Bragason hefur tekið sæti í ráðinu í stað Önnu Stefaníu sem óskaði lausnar. Ráðið er þá skipað sem hér segir;

Anna Brynja Baldursdóttir  
Arnar Snæberg Jónsson, formaður  
Bæring Jón Breiðfjörð Guðmundsson  
Margrét Gauja Magnúsdóttir  
Ragnar Ísleifur Bragason

- Tillögur athafnaráðs um gjaldskrá kynntar og lagar fram til samþykktar;

[https://drive.google.com/file/d/1bQumkMDBi-MUOYevs\\_jKJT-7dItLr0kZ/view?usp=sharing](https://drive.google.com/file/d/1bQumkMDBi-MUOYevs_jKJT-7dItLr0kZ/view?usp=sharing)

Tillögur um hjónavígslur og útfarir samþykkt með þeim fyrirvara að stjórn áskilur sér rétt til að endurskoða gjaldskrá 2024 með góðum fyrirvara haldið verðbólga áfram að aukast. Samþykkt að gjald fyrir kistulagningar og biðgjald verði óbreytt, tillaga um hækkun gjalds vegna nafngjafa og staðfestingargjald staðfest. Gjaldhækkun vegna heimaferminga samþykkt en ákveðið að greiða niður gjaldið fyrir þau sem þegar hafa pantað heimafermingu. Samþykkt að

vísa tillögu um breytingu á akstursgjaldi aftur til athafnaráðs til frekari útfærslu.

c) Athafnaráð mun halda fermingarnámskeið eftir áramót þar sem verklag vegna heimaferminga verður uppfært og samræmt.

d) Athafnaráð fer fram á að fyrirkomulag og skipulag hópferminga verði samræmt og ítrekar mikilvægi þess að umgjörðin sé skýr og að umbun taki mið af þeirri vinnu sem verkið krefst.

### 3. Markaðsmál

Ákveðið að framkvæmdastýra og formaður finni dag í janúar undir hugmyndafræðivinnu en umræða um markaðsmál strandar á því að hugmyndafræðin er ekki skýr

### 4. Önnur mál

- a. Fundir og fundatími; rætt um tíðni stjórnarfunda, rætt um að hafa hefðbundna fundi með lengra millibili en verið hefur en halda frekar vinnufundi á milli. Ákveðið að næst verði fundað 1. desember klukkan 17.
- b. Málþing; í næstu viku stendur Siðmennt fyrir málþingi um málefni fólks á flótta út frá siðfræðilegu- og sögulegu samhengi. Frummælendur verða þrír og pallborð að erindum loknum undir stjórn Arnars Snæbergs Jónssonar. Málþingið verður haldið í sal Garðyrkjufélags Íslands í Síðumúla
- c. Kristín Helga tekur þátt í málþingi í Glerárkirkju um stöðu þjóðkirjunnar
- d. Formaður sat stjórnarfund EHP í Noregi í október
- e. Kristín Helga vinnur að drögum að umhverfisstefnu Siðmenntar.

Fleira ekki gert og fundi slitið.